

- 2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri 36.000
- 3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT 108.100
- 4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search“) á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:
- a) Grunnjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni 31.000
- b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 900
- c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) 108.100
- Gjöld skv. 1. og 3. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.
Gjald skv. 2. tl. skal greitt innan mánaðar frá því tilkynnt er um greiðslu.
Gjöld skv. 4. tl. skulu greidd innan þriggja mánaða frá móttökudegi umsóknar.
Hafi gjöld samkvæmt 1. og 3. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

3. gr.

Framangreind gjöld skal greiða Einkaleyfastofnun sem viðtökustofnun fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir skv. Samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (PCT) og viðeigandi reglur. Gjaldskrá samkv. auglýsingu þessari er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og ákvæði 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.). Gjaldskráin öðlast gildi hinn 1. janúar 1996. Samtímis fellur úr gildi auglýsing nr. 166/1995.

Iðnaðarráðuneytið, 11. desember 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 13/1995 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1995, sbr. auglýsingu nr. 10/1995, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1995.

Frá og með 1. desember 1995 breytist skattmat á dagpeningum innanlands sem launaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu, svo og skattmat á akstursgjaldi sem hér segir:

1. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 5.2. í auglýsingu (sbr. auglýsingu nr. 10/1995):

Gisting og fæði í einn sólarhring: kr. 8.050, verði kr. 7.100.

Gisting í einn sólarhring: kr. 4.550, verði kr. 3.600.

2. Akstursgjald.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni:

- a) Fyrir 1 - 10.000 km kr. 33,50 pr. km verði kr. 33,95 pr. km.
Fyrir 10.001 - 20.000 km kr. 29,95 pr. km verði kr. 30,40 pr. km.
Fyrir 20.000 > kr. 26,45 pr. km verði kr. 26,80 pr. km.
- b) Fjárhæðir vegna sérstaks gjalds hækka sem hér segir:
- | | |
|------------------------|-------------------|
| Kr. 12,30 pr. km verði | kr. 12,60 pr. km. |
| Kr. 5,10 pr. km verði | kr. 5,25 pr. km. |
| Kr. 15,55 pr. km verði | kr. 16,00 pr. km. |
| Kr. 4,60 pr. km verði | kr. 4,65 pr. km. |
| Kr. 13,95 pr. km verði | kr. 14,30 pr. km. |
| Kr. 4,00 pr. km verði | kr. 4,15 pr. km. |

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. desember 1995.

Reykjavík, 30. nóvember 1995.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.